



Hörðuvallaskóli

Kennsluáætlun 2025-2026

Bekkur: 3. bekkur

Námsgrein: Myndmennt

Fjöldi kennslustunda á viku: 2 kennslustundir

Kennarar:

Markmið:

- Nemendur kynnast fjölbreyttum vinnuaðferðum sem krefjast verkkunnáttu, sköpunarkrafts og fjölbreyttrar tjáningar.
- Nemendur eru studdir til að þróa og styrkja hæfileika sína, dýpka sköpunargleði og læra að koma hugmyndum sínum í framkvæmd.
- Nemendur læra að skapa myndverk með fjölbreyttum aðferðum, tengja þau við ýmsar kveikjur og vinna með einföld verkefni.
- Nemendur læra að ganga frá verkum sínum á skipulagðan hátt og nota myndlist til að tjá tilfinningar, skoðanir og hugmyndir á áhugaverðan og aðlaðandi hátt. (Aðalnámskrá grunnskóla)

Rík áhersla lögð á frágang og góða umgengni í kennslustofunni

Kennsluaðferðir: Notast er við fjölbreyttar kennsluaðferðir: Innlögn frá kennara, sýnikennslu, einstaklingsvinnu, umræður og fleira.

Námsgögn: Glærur frá kennara og námsgögn í kennslustofu

Námsmat: Frammistaða nemanda er metin út frá þeim hæfniviðmiðum sem unnið er með hverju sinni út frá Aðalnámskrá grunnskóla. Hæfniviðmiðin eru metin út frá eftirfarandi matskvarða:

1.-2.bekkur

3.-10.bekkur

<i>Ekki gefið A</i>	A	Framúrskarandi	Nemandinn sýnir framúrskarandi hæfni miðað við matsviðmið.
B+	B+	Mjög góð hæfni	Nemandinn sýnir þá hæfni sem ætlast er til miðað við matsviðmið, auk þess sem hann hefur að hluta til sýnt framúrskarandi hæfni.
B	B	Hæfni náð	Nemandinn sýnir þá hæfni sem ætlast er til miðað við matsviðmið.
C+	C+	Á góðri leið	Nemandinn sýnir hluta af þeirri hæfni sem ætlast er til miðað við matsviðmið. Vantar herslumuninn upp á að hæfni sé náð.
C	C	Þarfnast þjálfunar	Nemandinn sýnir hluta af þeirri hæfni sem ætlast er til miðað við matsviðmið en þarfnast þjálfunar á ákveðnum sviðum.
<i>Ekki gefið D</i>	D	Hæfni ekki náð	Hæfni nemanda í námi nær ekki matsviðmiðum. Gera þarf grein fyrir hæfni nemanda út frá einstaklingsmiðaðri námskrá og áætlun.

Nemendur og foreldrar/forráðamenn hafa aðgang að námsmatinu á Mentor. Námsmat fer fram jafnt og þétt yfir allt skólaárið.



Hörðuvallaskóli

<u>Kennsluáætlun er birt með fyrirvara um breytingar</u>			
Tímabil	Námsþáttur	Hæfniviðmið	Námsmat
Námslota	Sköpun - Aðferð og efni	Skapað myndverk í ýmsum tilgangi með margvíslegum aðferðum og tækni.	Litadrekin
	Sköpun -Útfærsla og tækni	Nýtt sér í eigin sköpun einfaldar útfærslur sem byggja á færni í meðferð lita- og formfræði og myndbyggingar.	Nemendamappa
	Sköpun -Vinnuferli	Útskýrt og sýnt vinnuferli sem felur í sér þróun frá hugmynd að myndverki,	Myndverk í anda Louisu Matthíasdóttur
	Sköpun -Hugmyndavinna	Unnið út frá kveikju við eigin listsköpun, bæði í tví- og þrívíðu formi.	Jarðleir - handmótun - risaeðla
	Greining og úrvinnsla -Tjáning	Tjáð tilfinningar, skoðanir og hugmyndaheim sinn í myndverki á einfaldan hátt.	Myndverk í anda Louisu Matthíasdóttur
	Greining og úrvinnsla -Hugtök	Þekkt og notað hugtök og heiti sem tengjast frumþáttum og lögmálum myndlistar við vinnu.	Jarðleir - handmótun - risaeðla
	Menning og umhverfi -Aðferðir og nálgun	Greint að einhverju leyti á milli mismunandi aðferða við gerð listaverka.	Fuglateikning með kolum
	Menning og umhverfi -Tilgangur og samhengi	Skilið mismunandi tilgang myndlistar og hönnunar.	Jarðleir - handmótun - risaeðla
	Skapandi og gagnrýnin hugsun - Sköpun	Unnið fjölbreytt verkefni á skapandi hátt.	Fuglateikning með kolum